

345. fundur Skólanefndar FS

18. apríl 2018



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Ísak Ernir Kristinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Páll Orri Pálsson og Katrín Júlía Júlíusdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla frá Róberti Ragnarssyni.
2. Fréttir af byggingarmálum.
3. Önnur mál.

1. Skýrsla frá Róberti Ragnarssyni.

Kynnt drög að skýrslu frá Róberti Ragnarssyni með niðurstöðum úr stefnumótunavinnu skólanefndar. Þar þarf að breyta einhverjum atriðum en skýrslan verður tekin fyrir aftur á næsta fundi skólanefndar.

2. Fréttir af byggingarmálum.

Rætt um skýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirhugaða viðbyggingu og húsnæðismál skólans en skýrslan er nú í skoðun hjá ráðuneyti. Beðið er eftir svari frá ráðuneyti um næstu skref varðandi viðbyggingu. Skólameistara falið að leita eftir fundi með ráðuneytisfólki um næstu skref málsins.


3. Önnur mál.

- a) Búið er að auglýsa stöður sem nú eru skipaðar leiðbeinendum og einnig þarf að auglýsa eftir sérkennara. Ekki er útlit fyrir miklar breytingar á starfslíði.
- b) Skólameistari sagði frá vinnu við undirbúning vegna laga um persónuvernd og jafnlaunavottun. Einnig er verið að skoða kaup á skjalastjórnunarkerfi.
- c) Formaður NFS sagði frá starfi félagsins, m.a. kosningum, árshátíð, söngleik og söngkeppni.
- d) Drög að dagatali næsta skólaárs eru komin á vef skólans.



e) Ísak ræddi um mætingareglur skólans og hvatti til þess að þær hafi ekki áhrif á þátttöku nemenda í áhugaverðum verkefnum. Skólameistari svaraði því til að nýjar mætingareglur mæla allar mætingar nemenda. Nemendur hafa síðan svigrúm til að vera fjarverandi í nokkrar kennslustundir og það svigrúm á að duga fyrir öll eðlileg veikindi og fjarveru. Árangur af nýjum mætingareglum verður skoðaður í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Böðvar Jónsson, formaður


Jóhann Friðrik Friðriksson



Rósa Dögg Þorsteinsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Kristján Asmundsson


Ísak Ernir Kristinsson


Katrín Júlía Júlíusdóttir


Páll Orri Pálsson


Guðmann Kristþórsson, fundarritari